

staks oftnefndra manna. Þykir rétt, að dagsektir hefjist 60 dögum eftir lögbirtingu dómsins.

Að því er varðar skaðabótakröfu stefnanda, er allsendis ósannað, að framangreindar óréttmætar aðgerðir stefndu hafi bakað oftnefndum félagsmönnum stefnanda tjón eða álitsspjöll. Verður því skaðabótakrafan ekki tekin til greina.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda kr. 1000.00 í málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Vegna embættisanna í sambandi við þingleyfi, er hefjast 1. júlí n. k., hefur dómur eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndu, Póst- og símamálastjórninni, er skylt að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnanda, Félags útvarpsvirkja í Reykjavík, að gefa út viðbót eða leiðréttingu við símaskrána 1954, þar sem orðið „útvarpsvirkjameistari“ verði skráð með nöfnum hvers einstaks þeirra, Friðriks A. Jónssonar, Georgs Ámundasonar, Ólafs Jónssonar og Jóhanns V. Sigurjónssonar, og hefjist greiðsla dagsekta 60 dögum eftir lögbirtingu dóms þessa.

Stefnda greiði stefnanda kr. 1000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu.

Föstudaginn 13. maí 1955.

Nr. 145/1954. **Skapti Davíðsson** (Magnús Thorlacius)

gegn

Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur

(Guðmundur Ásmundsson hdl.)

og

Skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús Davíðs Jóhannessonar (Enginn).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Ákvörðun á verðmæti fyrirfram greidds arfs.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1954. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. Að 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II verði reiknaðir honum sem fyrirfram greiddur arfur úr dánarbúi Davíðs Jóhannessonar, aðallega á kr. 7740.00, til vara á kr. 11.740.00 og til þrautavara á kr. 47.223.00.

2. Að nefndu dánarbúi verði dæmt að greiða honum kr. 11.015.21.

3. Að stefnda Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Af hendi skiptaráðandans í Reykjavík vegna dánarbús Davíðs Jóhannessonar hefur enginn komið fyrir dóm, og hefur þó verið löglega stefnt.

Hinn 18. desember 1952 komu fyrirsvarsmenn aðilja og áfrýjandi fyrir yfirmatsmenn þá, sem nefndir höfðu verið til yfirmats á jarðarhlutum þeim, sem í málinu greinir. Fyrirsvarsmaður áfrýjanda, Skapta Davíðssonar, lagði þá fram af hendi áfrýjanda greinargerð auk 9 skjala annarra. Jafnframt fór fyrirsvarsmaður áfrýjanda þess á leit, að honum yrði veitt færi á að tjá sig um skjöl, sem kynnu að verða lögð fram af hendi stefnda Þórdísar Dagbjartar Davíðsdóttur. Síðar tóku yfirmatsmenn við greinargerð, dags. 14. febrúar 1953, frá fyrirsvarsmanni Þórdísar Dagbjartar, og greindur fyrirsvarsmaður sendi fyrirsvarsmanni áfrýjanda eftirrit þeirrar greinargerðar með bréfi 20. s. m. Af hendi áfrýjanda hafði umsögn um nefnda greinargerð eigi borizt yfirmatsmönnum, er þeir kváðu upp yfirmat sitt hinn 7. marz 1953. Telja verður það miður farið, að áfrýjanda var eigi, eins og á stóð, veittur hæfilegur tiltekinn frestur til andsvara, áður en yfirmat var upp kveðið. Í flutningi máls þessa hefur áfrýjandi hins vegar eigi sýnt fram á, að hann hefði mátt færa fram nein frekari rök eða matsgögn, er áhrif hefðu átt að hafa á yfirmatið. Að svo vöxnu máli eiga nefndir ágallar eigi að valda ógildi

yfirmatsgerðarinnar. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skapti Davíðsson, greiði stefnda Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 28. júní 1954.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 3. þ. m. að undan- gengnum skriflegum málflutningi, hefur sóknaraðili, Þórdís Dag- björt Davíðsdóttir, Vegamótastíg 9, hér í bænum, krafizt þess:

- a) Að við skipti á dánarbúi föður hennar, Davíðs Jóhannessonar, verði varnaraðilja, bróður hennar Skapta Davíðssyni, Útey II í Laugardalshreppi, Árnassýslu, reiknaðir 13/16 hlutar jarðar- innar Úteyjar II því verði, sem yfirmatsmenn mátu þann 7. marz 1953, kr. 177.571.00, í stað kr. 7740.00, sem greinir í erfða- fjárskýrslu frá 23. júní 1949.
- b) Að varnaraðilja Skapta Davíðssyni verði gert að greiða allan kostnað við undir- og yfirmat nefndrar jarðar, samtals kr. 9558.75, en til vara, að kostnaður þessi verði lagður á búið óskipt.
- c) Að varnaraðiljum, Skapta Davíðssyni og dánarbúi Davíðs Jó- hannessonar, verði gert að greiða sér in solidum hæfilegan málskostnað.

Varnaraðili Skapti Davíðsson hefur gert þær dómkröfur í grein- argerð (réttarskjal nr 23), að kröfum sóknaraðilja verði öllum hrundið, að dánarbúi Davíðs Jóhannessonar verði gert að greiða sér kr. 11.015.21 og að sóknaraðilja og dánarbúi Davíðs Jóhannessonar verði gert að greiða sér in solidum málskostnað að skaðlausu. Í vörn sinni (réttarskjal nr. 84) gerir varnaraðili Skapti Davíðsson þær réttarkröfur, aðallega að kröfum sóknaraðilja, Þórdísar Davíðs- dóttur, verði öllum hrundið, en til vara að dánarbúi Davíðs Jóhannes- sonar verði gert að greiða sér kr. 78.565.21 með eða án skuldajafn- aðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer.

Þann 2. október 1950 andaðist hér í bænum Davíð Jóhannesson, þá til heimilis á Vegamótastíg 9. Erfingjar hans eru börn hans tvö, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, Vegamótastíg 9, hér í bænum, sóknaraðili í máli þessu, og Skapti Davíðsson, Útey II í Laugardalshreppi, Árnassýslu, varnaraðili máls þessa. Við uppskrift á eignum dánarbúsins, sem fram fór 29 maí 1951, lýsti erfinginn Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir yfir því, að hún mundi krefjast endurmats á 13/16 hlutum jarðarinnar Úteyjar II í Laugardal, en þenna hluta jarðarinnar hafði Skapti fengið þann 23. júní 1949 sem fyrirframgreiðslu upp í arf, en hinn hluta jarðarinnar, 3/16 hluta, hafði hann fengið í arf eftir móður sína, Guðrúnu Skaptadóttur, við skipti, er fram fóru eftir hana 2. marz 1938.

Sóknaraðili, sem ekki vildi hlíta því, að 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II í Laugardalshreppi yrðu reiknaðir meðerfingja sínum á aðeins kr. 7740.00 við skipti á dánarbúi föður þeirra, Davíðs Jóhannessonar, óskaði því næst mats á þeim hluta jarðarinnar, sem arfleðslugerningurinn náði til, og var hann af matsmönnum metinn á kr. 46.962.00. Þessu mati vildi sóknaraðili ekki una, og krafðist hún því yfirmats, og í yfirmatsgerð, dagsettri 7. marz 1953, var hluti þessi metinn á kr. 177.571.00. Í matsgerð þessari segir einnig, að mat þetta sé miðað við verðlag árið 1949, og telja yfirmatsmenn upphæðina óbreytta, þótt miðað sé við verðlag dag þann, er matið fór fram.

Varnaraðili Skapti Davíðsson neitaði að fallast á, að honum yrði reiknaður hluti jarðarinnar þessu verði við skipti á dánarbúi föður hans, og er mál þetta risið út af þessum ágreiningi og kröfur gerðar, svo sem að framan getur.

Sóknaraðili hefur haldið því fram, að sú hafi verið tilætlun hins látna, Davíðs Jóhannessonar, að eftir hans dag skiptust eignir hans þannig milli barna hans, að varnaraðili Skapti Davíðsson fengi hans hluta jarðarinnar Úteyjar II í Laugardalshreppi, en hún, sóknaraðili, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, fengi húseignina nr. 9 við Vegamótastíg, hér í bænum. Svona skipti hefðu verið fyrirhuguð, þegar hinn látni afhenti syni sínum Skapta Davíðssyni 13/16 hluta jarðarinnar Úteyjar II sem fyrirframgreiðslu upp í arf samkvæmt erfðafjárskýrslu, dags. 23. júní 1949, og með þetta í huga hafi sóknaraðili ritað nafn sitt á erfðafjárskýrsluna. Hins vegar hafi ekki verið gengið formlega frá þessum hlutum, og þegar skipti hófust á dánarbúinu, hafi komið í ljós, að varnaraðili Skapti hafi ætlað sér einum þau hagræði að eignast 13/16 hluta jarðarinnar Úteyjar II með fasteignamatsverði og krafizt þess, að húseignin Vegamótastígur 9 gengi inn í búíð og uppboð færi fram á henni sem eign búsins. Hafi uppboð þetta síðan farið fram og hún keypt húsið fyrir kr. 250.000.00. Af þessum sökum telur sóknaraðili, að áritun sín á erfðafjárskýrsluna sé ekki á nokkurn hátt bindandi fyrir sig, og geti ekki með neinu móti skert erfðarétt sinn í bú þessu.

Bendir hún á, að samkvæmt gildandi erfðalögum beri að virða eignina, sem látin hafi verið af hendi sem fyrirframgreiðsla upp í arf, eftir gangverði, sem á henni var, þegar hún var látin af hendi, og beri að leggja þá matsfjárhæð til grundvallar skiptum á búinu. Mat þetta hafi þegar farið fram, og hafi 13/16 hlutar jarðarinnar, eins og Davíð heitinn átti hana, þegar afhending hennar fór fram, verið metin á kr. 177.571.00 og beri nú við skiptin að telja, að þá fjárhæð hafi Skapti þegar fengið úr búi þessu. Þá hefur sóknaraðili mótmælt því, að jarðarpartur þessi væri ættarjörð, og þótt svo yrði álitid, þá hefði það samt sem áður engin áhrif innbyrðis milli erfingjanna, þar sem þau séu bæði jafnréttáir erfingjar í þessu búi.

Varnaraðili Skapti Davíðsson mótmælir því, að hann hafi nokkru sinni heyrt á það minnzt, að faðir sinn hafi ætlað systur sinni, Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur, húseignina Vegamótastíg 9, hér í bænum, enda hefði hann þá að sjálfsögðu gert um það arfleiðsluskrá. Hins vegar fullyrðir hann, að með afhendingu 13/16 hluta jarðarinnar Úteyjar II í Laugardalshreppi samkvæmt erfðafjárskýrslu, dags. 23. júní 1949, hafi hinn látni, Davíð Jóhannesson, raunverulega selt sér jarðarhlutann fyrir fastákveðið verð, eða kr. 7.740.00, eins og fram komi í erfðafjárskýrslunni. Þessu til sönnunar bendir hann á undirritað samþykki systur sinnar á erfðafjárskýrslu þessa svo og ummæli vitundarvotta, sem viðstaddir voru, þegar afhending þessi fór fram, enda hafi faðir sinn látið þau orð falla, að ekki væri ástæða til, að hann seldi syni sínum Útey II dýrara verði að sínu leyti en hann hefði selt ábúanda Úteyjar I þá jörð 16. maí 1935, en sá hluti hafi þá verið seldur með fasteignamatsverði.

Telur hann því, að ekki komi til greina við skiptin önnur fjárhæð en sú, sem greinir í erfðafjárskýrslu, eða kr. 7.740.00. Kveður hann því mót þau, sem fram hafi farið á jarðarhlutanum, út í bláinn, og hefur hann mótmælt yfirmatinu sem röngu, ógildu og óviðkomandi sér. Jörðin sé ættarjörð og hlíti því sérstökum reglum, hvað sölu snertir. Telur hann auk þess, að yfirmatsmennirnir hafi sýnt hlutdrægni í matinu og bendir þar á framburð tengdadóttur sinnar, sem var viðstödd að Útey II, þegar yfirmatsmenn voru þar staddir við athugun á jörðinni, auk þess hafi honum ekki gefizt frestur til andsvara í matsmálinu sjálfu, og telur hann þetta hvorutveggja eiga að varða ógildingu matsins.

Varakröfu sína byggir hann á því, að hann eigi rétt til að fá endurgreitt, ef kröfur sóknaraðilja yrðu teknar til greina, útlagðan kostnað vegna föður síns við málarekstur í sambandi við jörðina, svo og verðmæti endurbóta samkvæmt úttektargerð frá 18. maí 1949, og telur hann þessar fjárhæðir samtals kr. 78.565.21.

Í máli þessu liggur ekkert skriflegt eftir hinn látna, Davíð Jóhannesson, um ráðstöfun eftir hans dag á húseigninni nr. 9 við Vegamótastíg, hér í bænum. Verður því að telja, að hún hafi verið

eign búans, er hann féll frá, og henni því réttilega ráðstafað sem hluta af búi hans.

Í erfðafjárskýrslu frá 23. júní 1949 afhendir Davíð Jóhannesson syni sínum Skapta sem fyrirframgreiðslu upp í arf 13/16 hluta jarðarinnar Úteyjar II, og verður ekki séð, að sá gerningur feli í sér annað eða meira en fyrirframgreiðslu á arfi, því að þótt sóknaraðili, þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, riti samþykki sitt á erfðafjárskýrslu þessa, þá verður ekki ætlað af því, er fyrir liggur, að hún hafi verið að samþykkja sölu jarðarinnar.

Í 13. gr. erfðalaga nr. 42 frá 23. maí 1949 segir svo í 4. mgr., 2. lið: „Meta skal yfirleitt verðmæti hins fyrirframgreidda arfs eftir gangverði þess, er erfinginn veitti því móttöku, og ekki hærra en sanngjarnt er, svo að jöfnuður verði á við hina erfingjana“. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar þykir réttur sóknaraðilja til að fá mat á 13/16 hlutum jarðarinnar Úteyjar II vera skýlaus, og verður eigi annað séð en að matsupphæð sú, sem fengin var við slíkt mat, ef löglega er framkvæmt, komi til greina við búskipti og verði talin sem fyrirframgreiðsla upp í arf.

Þótt talið yrði, að jörðin Útey II væri ættarjörð í merkingu laga nr. 116 frá 30. desember 1943, III. kafla, og ætti samkvæmt því að hlíta sérstökum reglum um sölu, þá kemur það ekki til greina hér, þar sem hinn látni, Davíð Jóhannesson, hefur aðeins afhent jörðina syni sínum sem fyrirframgreiðslu upp í arf, en ekki selt hana, enda er ekkert sem bendir til, að afhending jarðarinnar hafi vakið það traust hjá viðtakanda hennar, að systir hans væri með áritun sinni á erfðafjárskýrsluna að skerða væntanlegan erfðahlut sinn úr búi föður síns.

Ekki verða talin liggja rök fyrir því í þessu máli, að yfirmatsmenn hafi beitt hlutdrægni í mati sínu né á annan hátt framkvæmt mat þetta, svo að ógildingunni geti varðað. Þykir því verða að taka matsupphæðina til greina, og verður því jarðarhluti þessi reiknaður varnaraðilja Skapta Davíðssyni við skiptin á kr. 177.571.00.

Þegar varnaraðili Skapti Davíðsson tók við jörðinni af fráfarandi ábúanda, átti sá aðili ýmis mannvirki á jörðinni, sem Skapti mun hafa keypt, að því er talið er, fyrir kr. 67.550.00. Þar sem mannvirki þessi eru ekki talin með í mati yfirmatsmanna, kemur að sjálfsögðu ekki til greina að endurgreiða honum þessa fjárhæð. Aftur á móti þykir rétt, að kostnaður sá, er varnaraðili Skapti hafði af málarekstri út af jörðinni, meðan Davíð heitinn átti hana, endurgreiðist af dánarbúinu, en hann nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 11.015.21. Þá þykir og rétt, að dánarbúið greiði allan matskostnað, en hann nemur kr. 8.558.75.

Rétt þykir, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Því úrskurðast:

Varnaraðilja Skapta Davíðssyni skal reiknaður 13/16 hluti jarðarinnar Úteyjar II í Laugardalshreppi í Árnassýslu á kr. 177.571.00 sem fyrirfram greiddur arfur úr dánarbúi Davíðs Jóhannessonar.

Þá greiði dánarbú Davíðs Jóhannessonar varnaraðilja Skapta Davíðssyni kr. 11.015.21 og sóknaraðilja Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur, kr. 8.558.75.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.

Mánudaginn 16. maí 1955.

Nr. 46/1955. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson)

gegn

Magnúsi Guðbjörnssyni (Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn 203. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Magnús Guðbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurðar E. Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.